

25. september 2018

Lausleg þýðing á álit sendinefndar AGS:

Ísland: Álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir árlega heimsókn til Íslands (Article IV)

Hægari hagvöxtur á Íslandi eftir ósjálfbæran vöxt síðustu ára er jákvæð þróun. Áhætta hefur aukist, en viðnámsþróttur hefur aukist og stefna ber að því að bæta viðnám enn frekar. Áætlanir í ríkisfjármálum gera ráð fyrir nauðsynlegum fjáruátlátum til innviða, heilbrigðisþjónustu og menntunar, en gæta þarf að forgangsröðun og framkvæmd svo að markmiðum í ríkisfjármálum verði náð. Stefnan í peningamálum á halda áfram að beinast að verðstöðugleika. Stefnan varðandi fjármálastöðugleika þarf að beinast bæði að þjóðhagsvarúð og eindarvarúð. Frekari styrking eftirlits með fjármálageiranum þarf að njóta forgangs og nú tíu árum eftir fjármálahrun er tilefni til afgerandi aðgerða. Að endingu, betra fyrirkomulag kjaraviðræðna er nauðsynlegt fyrir samkeppnishæfni; frekari þróun í ferðamannaþjónustu krefst heildrænnar stefnumótunar; og sjálfbærar veiðar kalla á áframhaldandi viðleitni til alþjóðlegrar samvinnu.

1. Hægari vöxtur í íslenska hagkerfinu hefur dregið úr áhyggjum af ofhitnun. Styrking krónunnar á árunum 2014-16 hefur, með töf, dregið úr vexti í ferðamennsku og vexti innlendrar eftirspurnar. Aukið framboð nýs húsnæðis hefur hægt á verðhækkunum á fasteignamarkaði. Lánvöxtur hefur aukist en frá lágum upphafspunkti. Gengi krónunnar hefur á heildina verið stöðugt frá miðju ári 2017 sem er betra fyrir útflytjendur en ef styrking undanfarinna ára hefði haldið áfram. Verðbólga hefur verið nálægt opinberu markmiði í fimm ár, sem er eftirtektarverður árangur í ljósi sögu verðstöðugleika á Íslandi. Sérfræðingar AGS búast við að smám saman muni hægja á hagvexti þar til hann nær sjálfbærari slóðum í kringum 2½%.
2. Hins vegar hefur birst ný áhætta. Hátt olíuverð og aukin samkeppni í flugsamgöngum eru áskoranir sem flugþjónustan stendur frammi fyrir. Aukin spennan í alþjóðaviðskiptum gæti haft neikvæð áhrif á útflutningsverð á áli og öðrum varningi. Óvissa tengd samningaviðræðum um útgöngu Bretla úr Evrópusambandinu eykur líkurnar á veikari útflutningseftirspurn frá einum af stærstu mörkuðum Íslands og gæti flækt frekar fiskveiðisamvinnu á Norður-Atlantshafi. Að lokum gætu komandi samningaviðræður á vinnumarkaði leitt til þess að laun hækka um of, með neikvæðum áhrifum á samkeppnishæfni landsins.
3. Efnahagsstefnan þarf því að miða að því að efla viðnámsþrótt hagkerfisins. Efnahagsreikningar heimila, fyrirtækja og hins opinbera hafa styrkst gríðarlega undanfarin ár. Þar sem hagkerfið er lítið, opið og næmt fyrir áföllum er nauðsynlegt að hafa borð fyrir báru með lágum opinberum skuldum, öflugu eiginfé og lausafé banka ásamt nægum gjaldeyrisforða, auk þess að móta stefnu sem eykur vaxtarmöguleika, styður við samkeppnishæfni og dregur úr áhættusækni.
4. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn styður markmið Íslands í ríkisfjármálum en kallar eftir frekara gagnsæi um undirliggjandi áform. Þessi áform eru líkleg til að skila jafnvægi í ríkisfjármálum sem er við hæfi með tilliti til horfa um hagvöxt. Þau samrýmast líka frekari skuldalækkun sem myndi auka rými fyrir sveiflufjafnandi aðgerðir ef áhætta raungerist. Sjóðurinn styður áherslu á innviði, heilbrigðismál og menntun en kallar eftir gaumgæfilegri forgangsröðun. Sparnaðaraðgerðir ættu að vera skýrt settar fram, minna ætti að reiða sig á ófyrirsjáanlegar arðgreiðslur og skattaumbætur þarf að íhuga vandlega til að styðja við áætlanir um ríkisfjármál og að tryggja að heildarmarkmiðum um afgang í ríkisfjármálum verði náð.
5. Peningastefna ætti áfram að hafa verðstöðugleika að meginmarkmiði. Verðbólgu markmiðið ætti að fanga neyslumynstur heimila með fullnægjandi hætti, þar á meðal útgjöld vegna húsnæðis.

Vaxtahækkarnir eiga rétt á sér ef verðbólguþrýstingur eykst, t.d. vegna of mikilla launahækkana, eða ef um mikið útflæði fjármagns yrði að ræða. Inngrip á gjaldeyrismarkaði ættu að takmarkast við að sporna gegn óróa á markaði og leggja áherslu á að viðhalda nægjanlegum gjaldeyrisforða.

6. AGS styður við áform stjórnvalda um að endurnýja lagagrundvöll fjárstreymistækis í formi sérstakrar bindingarskyldu á tiltekið innflæði fjármagns. Fjárstreymistæki af þessu tagi geta verið gagnleg við ákveðnar kringumstæður svo framarlega sem þau koma ekki í stað nauðsynlegrar aðlögunar í þjóðarbúskapnum. Engu að síður bendir AGS einnig á að minnkandi vaxtamunur milli Íslands og helstu myntsvæða gefi til kynna að hægt sé að vinda ofan af bindingarhlutfallinu.

7. Í samræmi við fyrri ráðgjöf vinnur Ísland nú að því að styrkja eftirlit með fjármálageiranum. Takmarkið ætti að vera skipan sem er sjálfstæð, vel fjármögnuð og gædd öllum helstu heimildum til að setja reglur og framfylgja þeim. Skipanin ætti einnig að tryggja að hvorki sé um að ræða ónauðsynlega skörun né gloppur.

8. Nú þegar tíu ár eru liðin frá fjármálahruni er tilefni til aðgerða í stað umræðna. AGS sér kosti í að sameina allt eftirlit með fjármálageiranum, þrautavarálanveitingar og verkefni skilavalds í Seðlabanka Íslands. Það myndi auka samlegðaráhrif, koma í veg fyrir óþarfa skörun verkefna, samþætta betur eindar- og þjóðhagsvarúð, endurspeglar kerfislegt mikilvægi íslensku lífeyrissjóðanna og efla viðbúnað fyrir hnekki í framtíðinni. Með því að færa í reynd fjármálaeftirlit inn í Seðlabankann mætti einnig lágmarka annmarka í breytingarferlinu.

9. Sjóðurinn styður eindregið viðleitni til að bæta samningalíkan á vinnumarkaði og tengja það framleiðnivexti og samkeppnishæfni. Þar sem kaupmáttur hefur aukist um 25% prósent á síðustu fjórum árum sem er eftirtektarvert – og jafnvel meira ef reiknað í erlendum gjaldeyri – ættu kjarasamningar að verða í takti við framleiðniaukningu til að koma í veg fyrir áframhaldandi vöxt launakostnaðar á framleidda einingu.

10. Að styrkja sjálfbærni hagvaxtar og umhverfis ætti einnig að vera forgangsmál. Hægari vöxtur í ferðamannaþjónustu hefur leitt í ljós mikilvægi þess að innleiða heildræna sýn og grípa til áþreifanlegra aðgerða, t.a.m. að bæta þjónustu við vinsæla ferðamannastaði og aðgengi að stöðum lengra frá Reykjavík. Í sjávarútvegi er varfærin stjórn á sjávarauðlindinni lykilatriði í velgengni geirans og ætti að fela í sér frekari viðleitni til að tryggja varanlega samninga um flökkustofna við aðrar fiskveiðiþjóðir í Norður-Atlantshafi.